

Forstöðumaður skal leitast við að efla samvinnu stofnana á sviði lista og menningar- mála. Í því skyni skal honum vera heimilt að kveðja fulltrúa þeirra sér til samráðs.

6. gr.

Starfsfólk.

Forstöðumaður ræður starfsfólk og ákveður starfssvið þess í samræmi við þarfir stofn- unarinnar. Skrifstofustjóri skal vera staðgengill forstöðumanns í fjarveru hans.

7. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast gildi 16. apríl 2003. Jafnframt fellur þá úr gildi samnefnd reglu- gerð nr. 687/2002.

Forsætisráðuneytinu, 15. apríl 2003.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Rimahverfi; Smárarimi og Sóleyjarimi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur þann 5. desember 2002, deiliskipulag fyrir Rimahverfi; Smárarima og Sóleyjarima.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reitur 1.174.0.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 10. desember 2002, deiliskipulag fyrir reit 1.174.0 sem afmarkast af Laugavegi, Vitastíg, Hverf- isgötu og Barónsstíg.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Suðurgötukirkjugarður.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. janúar 2003, deiliskipulag fyrir Suðurgötukirkjugarð.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Grafarholt, Guðríðarstígur 6-8.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 18. mars 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarholt, Guðríðarstíg 6-8.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Aðalstræti 4.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 25. mars 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Aðalstræti 4 í Grjótaþorpi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun gerir athugasemd við birtingu auglýsingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Skúlagata 19.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. janúar 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Skúlagötu 19.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun gerir athugasemd við birtingu auglýsingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 15. apríl 2003.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir.

AUGLÝSING

um framlengingu banns við innflutningi frá Hollandi vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá hollenskum dýrasjúkdómayfirvöldum um upprætingu Avian Influensu í Hollandi, sem er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og ekki hefur greinst á Íslandi, er bann það sem sett var 7. mars sl. við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Hollandi framlengt til mánudagsins 16. júní 2003.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 16. júní 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. apríl 2003.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.